

Margþátta rannsókn á mælanlegum einkennum hreyfiveiki í sjóveiki hermi (e. Multimetric study of motion and seasickness with a moving platform simulator combined with virtual reality)

Ágæti lesandi, þér er hér með boðið að taka þátt í ofanefndri rannsókn sem fram fer í Hreyfivísindasetri Háskólans í Reykjavík. Þátttakandi hefur frelsi til að hafna þátttöku eða hætta í rannsókninni á hvaða stigi sem er, án útskýringa og án afleiðinga. Ekki verður aflað persónugreinanlegra upplýsingar við þátttöku eins og nafn og kennitölu. Upplýsingunum sem safnað verður eru kyn, þyngd, aldur og að auki gögnin úr mælingunum og hver einstaklingur verður með sér númer sem vísar í upplýsingarnar sem nefndar voru. Þess vegna verða niðurstöður rannsóknarinnar þér ekki aðgengilegar hvað varðar upplýsingar um heilsu og þar með til heilsueflingar.

Ábyrgðarmenn rannsóknarinnar eru:

- Paolo Gargiulo, Heilbrigðisverkfræðingur og Prófessor við Taugavísindasetur Háskólans í Reykjavík; paolo@ru.is, 8245384

Markmið rannsóknarinnar eru:

Meginmarkmið rannsóknarinnar er að mæla svörun Parkinson sjúklinga við hreyfiveiki og bera saman við svörun heilbrigðra einstaklinga.

Helstu markmið rannsóknarinnar:

1. Mæla og meta svörun á lífeðlisfræðilegum merkjum og jafnvægisstjórnun Parkinson sjúklinga við hreyfiveiki og bera þær saman við breytingar á svörun sambærilegra merkja hjá heilbrigðum einstaklingum.
2. Meta samspil á milli mismunandi lífeðlisfræðilegra merkja hjá þessum mismunandi hópum með því að nota gervigreind og vélánám (e. machine learning)
3. Skoða meðferðarmöguleika með notkun á sýndarveruleika og hreyfingu til að vinna gegn jafnvægisleysi Parkinson sjúklinga.

Hverjir taka þátt í rannsókninni?

Markmiðið er að mæla í heildina 40 einstaklinga á aldrinum 20 til 65 ára sem eru greindir eru með Parkinson. Stefnt er að því að skipta þeim niður í 2 hópa: 20 einstaklinga með jafnvægistruflun og 20 einstaklinga með Parkinson án jafnvægistruflunar.

Hvað felst í þátttöku?

Þátttaka í rannsókninni felst í því að svara spurningarlista um: a). heilsufar/hæfni til þátttöku; b). hreyfiveiki næmi og áhrif hreyfiveiki (sjóveiki) á daglegt líf. Reiknað er með að það taki um tíu mínútur að svara spurningarlistanum. Rannsóknin fer fram á hreyfilegum palli sem líkir eftir öldum sem að auki eru sýndar eru með sýndarveruleikagleraugum.

Á sama tíma verður mælt:

- i) Heilalínurit (EEG) – Heilalínurits hettu verður komið fyrir utanálíggjandi á höfði þátttakenda og leiðnigel sett í elektróður hennar sem mun snerta höfuðleðrið.
- ii) Hjartsláttartíðni (HR) – Mæld verður hjartsláttartíðni á meðan tilraun stendur og til þess verður notaður Polar H10 hjartsláttarmælir sem verður staðsettur utanálíggjandi við neðsta hluta bringubeins.
- iii) Vöðvarit (EMG) – Vöðvarits skynjarar verða festir utanálíggjandi á báða kálfa bæði framaná og aftaná sem að skynja virkni í vöðvum á meðan tilraun stendur.
- iv) Leiðni í húð (SC) – Leiðni í húð verður mæld með tveimur elektróðum sem festar verðar utaná sitthvorn fingur hægri handar með riflás.
- v) Líkamsstaða og hreyfingar á pallinum – Þátttakendur standa á pallinum með mælitæki, sem nefnd voru fyrir ofan, á sér ásamt bakpoka sem inniheldur tækjabúnað fyrir upptöku gagna. Kraftplötur sem staðsettar eru á hreyfanlega pallinum taka upp líkamsstöðu og hreyfingu á pallinum

Markmiðið er að framkalla hreyfiveiki ástand og setja það í samhengi við mæld gildi. Mælingin tekur um 1 klst og 20 mínútur.

Þátttakendur munu síðan verða spurðir hvort megi hafa samband við þá í framtíðinni fyrir eftirfylgni mælingar.

Einungis rannsakendur munu hafa aðgang að þeim gögnum sem aflað verður við rannsóknina, en eins og áður sagði verða þær ekki persónugreinanlegar, þ.e. allir spurningalistar og allar mælingar verða merkt rannsóknarnúmerum og verða því ekki rekjanlegar. Rannsóknargögnin verða í vörslu ábyrgðarmanns og verður eytt að lokinni rannsókn.

Umsókn um rannsókn þessa hefur verið send til Vísindasiðanefndar og tilkynnt til Persónuverndar.

Með þökkum,

Paolo Gargiulo, prófessor
Director, Inst. f. Biomed. and Neural Engineering/ Biomed. Technology Centre
Reykjavik University & Landspítali. Menntavegi 1, 101 Reykjavík
Office: 5431533, Mobile: 8245384
web site: <http://en.ru.is/sse/bne>

Ef þú hefur spurningar varðandi rétt þinn sem þátttakandi í rannsókninni, eða vilt hætta þátttöku í henni, getur þú snúið þér til Vísindasiðanefndar, Borgartún 21, 105 Reykjavík. Sími: 551-7100, fax: 551-1444